

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/1705****2022/EES/26/03**

frá 14. júlí 2021

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (1), einkum 234. gr. (2. mgr.), 237. gr. (4. mgr.), 239. gr. (2. mgr.) og 279. gr. (2. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 (2) bætir við dýraheilbrigðisreglurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429 að því er varðar komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefnum og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu.
- 2) Eftir birtingu framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 3. júní 2020 í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* komu í ljós tiltekin minni háttar mistök eða úrfellingar í ákvæðum þessarar framseldu reglugerðar. Leiðréttu ætti þessi mistök og úrfellingar og því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 3) Að auki ætti að breyta tilteknum reglum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að tryggja að þær séu í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í öðrum framseldum gerðum sem eru samþykktar samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (3).
- 4) Einnig er nauðsynlegt að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að hún nái yfir tilteknar aðstæður, sem var upphaflega sleppt undir gildissviði þeirrar gerðar, og til að hún nái yfir tiltekna möguleika sem kveðið er á um í gerðum Sambandsins sem voru samþykktar á undan reglugerð (ESB) 2016/429 og sem ætti að viðhalda innan ramma reglugerðar (ESB) 2016/429. Þetta er mikilvægt til að tryggja snurðulaus umskipti frá kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum fyrri gerðum Sambandsins og varða komu dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið eða til að skýra nánar um hvaða tegundir og flokka dýra og afurða úr dýraríkinu tilteknar kröfur ættu að gilda eða ekki að gilda.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. L 339, 24.9.2021, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 frá 30. janúar 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu (Stj. L 174, 3.6.2020, bls. 379).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fæður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) (Stj. L 95, 7.4.2017, bls. 1).

- 5) Framseld reglugerð (ESB) 2020/692 ætti einnig að tryggja snurðulaus umskipti frá kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrri gerðum Sambandsins og varða komu lagardýra og lagardýraafurða inn í Sambandið þar eð þær hafa reynst árangursríkar. Þess vegna ætti að viðhalda markmiði og megininntaki þessara gildandi reglna í þeirri framseldu reglugerð en aðlaga þær svo þær henti nýja lagarammanum sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2016/429.
- 6) Að auki ættu dýraheilbrigðiskröfurnar, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692, ekki að gilda um afurðir úr lagardýrum, aðrar en lifandi lagardýr, að undanskildum þeim sem eru ætlaðar til frekari vinnslu í Sambandinu, í ljósi þess að það eru engar marktækar ástæður sem tengjast heilbrigði dýra til að fella slíkar afurðir undir gildissvið þeirrar framseldu reglugerðar. Því ætti að breyta 6. mgr. 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 þar sem gildissvið þeirrar gerðar er fastsett.
- 7) Skilgreiningin á svíni, eins og nú er mælt fyrir um í 8. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, á einungis við vegna komu þessara dýra inn í Sambandið. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 <sup>(4)</sup>, þar sem mælt er fyrir um reglur um tilflutninga á kímefnum innan Sambandsins, er kveðið á um aðra skilgreiningu á svínum sem er viðeigandi fyrir gjafa kímefna. Þess vegna ætti að breyta skilgreiningunni á svínum í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að hún nái bæði yfir komu svína og kímefna úr svínum inn í Sambandið.
- 8) Skilgreiningin á „brunnbátur“, sem er sem stendur mælt fyrir um í 48. lið 2. gr. framseldrar reglugerð (ESB) 2020/692, er ekki í samræmi við skilgreininguna á „brunnbátur“ sem sett er fram í 2. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 <sup>(5)</sup>. Til að tryggja samræmi í reglum Sambandsins ætti að breyta skilgreiningunni í 48. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að samræma hana við skilgreininguna sem sett er fram í framseldri reglugerð (ESB) 2020/990.
- 9) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur í tengslum við skoðun landdýra fyrir sendingu þeirra til Sambandsins sem ná einnig, að því er varðar alifugla, yfir upprunahóp þeirra. Þó ætti að skýra nánar að þessar kröfur gilda ekki um upprunahóp dagsgamalla unga í samræmi við kröfurnar sem gilda til 21. apríl 2021 sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 <sup>(6)</sup>. Því ætti að breyta 1. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 10) Framseld reglugerð (ESB) 2020/692, sem gildir frá 21. apríl 2021, ætti að tryggja snurðulaus umskipti frá kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrri gerðum Sambandsins og varða komu landdýra og kímefna og afurða úr landdýrum inn í Sambandið þar eð þær hafa reynst árangursríkar. Þess vegna ætti að viðhalda markmiði og megininntaki þessara reglna í þeirri framseldu reglugerð en aðlaga þær svo þær henti nýja lagarammanum sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2016/429. Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 <sup>(7)</sup> er kveðið á um að í kjölfar aðflutnings sendinga af hóf- og klaufdýrum, öðrum en hóf- og klaufdýrum sem eru ætluð fyrir lokaðar starfsstöðvar, inn í Sambandið eigi þau að vera á búinu, sem er ákvörðunarstaður þeirra, í a.m.k. 30 daga nema þau séu send beint til sláturhúss. Framseld reglugerð (ESB) 2020/692 felldi reglugerð (ESB) nr. 206/2010 úr gildi. Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er þó ekki kveðið á um þann möguleika að tilflýtja hóf- og klaufdýr í sláturhús á 30 daga tímabilinu eftir komu þeirra inn í Sambandið. Því ætti að breyta 26. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að kveða á um þann möguleika þar eð tilflutningar á þessu tímabili leiða ekki til verulegra dýraheilbrigðisvandamála.

<sup>(4)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/686 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir kímefnamiðstöðvum og kröfur varðandi rekjanleika og dýraheilbrigði vegna tilflutninga innan Sambandsins á kímefni úr tilteknum landdýrum í haldi (Stjttíð. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 1).

<sup>(5)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (Stjttíð. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42).

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 frá 8. ágúst 2008 um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólfi, þaðan sem leyfður er innflutningur til Bandalagsins og umflutningur um Bandalagið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir (Stjttíð. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1).

<sup>(7)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (Stjttíð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1).

- 11) Að auki ætti að rýmka undanþáguna frá kröfunni er varðar 30 daga dvalartíma á viðtökustarfsstöðinni eftir komu inn í Sambandið, sem kveðið er á um í 26. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, sem gildir sem stendur einungis um dýr af hestaætt sem eru ætluð til kappreiða, keppni og menningarviðburða, þannig að hún nái yfir öll dýr af hestaætt og breyta ætti þeirri grein til samræmis við það.
- 12) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um undanþágu frá kröfum sem mælt er fyrir um í þeirri gerð vegna komu sendinga af alifuglum og útungunareggjum alifugla inn í Sambandið ef um er að ræða sendingar með færri en 20 alifuglum, öðrum en strútfuglum, og sendingar með færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla. Þó ættu tiltekna kröfur í tengslum við flutningatæki, gáma sem þær eru fluttar í til Sambandsins, bólusetningu gegn alvarlegri fuglainflúensu og sóthreinsun, sem gilda um alifugla og útungunaregg, einnig að gilda um komu sendinga með færri en 20 alifuglum, öðrum en strútfuglum, og færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, inn í Sambandið. Því ætti að breyta 49. og 101. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 13) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um að allir fuglar í haldi sem eru sendir til Sambandsins skuli vera bólusettir gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru. Þetta er þó ekki verklega mögulegt og stangast á við kröfur vegna komu inn í aðildarríki sem eru með þá stöðu að vera laus við sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru án bólusetningar. Því ætti að breyta 57. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að skýra nánar að kröfurnar, að því er varðar bóluefnin sem eru notuð gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru, gilda þegar fuglar í haldi hafa verið bólusettir gegn þeim sjúkdómi.
- 14) Keppnisdúfur falla undir skilgreininguna á „fuglar í haldi“ sem mælt er fyrir um í 10. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Þess vegna gilda sértækar dýraheilbrigðiskröfur vegna fugla í haldi, sem mælt er fyrir um í 2. kafla 3. bálks II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, einnig um þessi dýr. Þessar kröfur takmarka þó möguleikann á komu keppnisdúfa inn í Sambandið frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða svæði þess með það í hyggju að þær fljúgi aftur til viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis eða svæðis. Enn fremur skapa keppnisdúfur, sem komið er með inn í Sambandið með það í hyggju að þær fljúgi aftur til þriðja upprunalslands eða -yfirráðasvæðis eða -svæðis þess, ekki sömu áhættu fyrir heilbrigði dýra og aðrir fuglar í haldi. Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að kveða á um undanþágu frá sértækum dýraheilbrigðiskröfum vegna fugla í haldi vegna komu keppnisdúfna inn í Sambandið frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess, þar sem þær eru að jafnaði í haldi, með það í hyggju að þeim verði tafarlaust sleppt og þess vænst að þær fljúgi aftur til viðkomandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis eða svæðis þess.
- 15) Í 74. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur um auðkenningu vegna komu hunda, katta og fretta inn í Sambandið. Að því er varðar kröfurnar um auðkenningu þeirra er vísað í framkvæmdargerðir sem framkvæmdastjórnin samþykkti skv. 120. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429. Slíkar framkvæmdargerðir hafa þó enn ekki verið samþykktar þar eð í 277. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013<sup>(8)</sup> eigi að gilda áfram til 21. apríl 2026 að því er varðar tilflutninga, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis, á gæludýrum af þessum tegundum. Því ætti að breyta 74. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til að vísa til krafanna í reglugerð (ESB) nr. 576/2013.
- 16) Vegna úrfellingar eru engin ákvæði í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 sem varða skoðun á sendingum af kímeffnum fyrir sendingu þeirra til Sambandsins. Til að tryggja að sendingar af kímeffnum uppfylli kröfurnar í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692, áður en þær fá heimild til að koma inn í Sambandið, ætti því að breyta þessari framseldu reglugerð á þann hátt að í henni verði mælt fyrir um reglur sem tengjast nauðsynlegum skoðunum og athugunum á þessum sendingum.
- 17) Í 86. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um að sendingar af eggfrumum og fósturvísam nautgripa ættu að fá heimild til komu inn í Sambandið ef gjafadýr kemur frá starfsstöð sem er laus við smitandi hvítblæði í nautgripum. Í 2. mgr. 87. gr. þeirrar framseldu reglugerðar er kveðið á um undanþágu fyrir starfsstöð sem er ekki laus við smitandi hvítblæði í nautgripum með þeim skilyrðum að gjafadýrin séu yngri en tveggja ára og að engin klínísk tilvik smitandi hvítblæðis í nautgripum hafi komið upp a.m.k. undanfarnir 3 ár. Sú undanþága ætti að gilda um nautgripi,

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 frá 12. júní 2013 um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 (Stjtið. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1).

sem eru gjafadýr, óháð aldri þeirra. Því ætti að breyta 2. mgr. 87. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.

- 18) Í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er kveðið á um að útungunaregg alifugla verði að koma úr hópum sem voru settir í klíniska skoðun innan sólarhrings fyrir fermingu sendingarinnar af útungunareggjunum til sendingar til Sambandsins. Þriðju lönd og hagsmunaaðilar hafa þó bent á að þessi krafa eykur stjórnsýsluálagið fyrir lögbær yfirvöld og rekstraraðila á óréttlætlanlegan hátt og skapar áhættu fyrir smitvarnir í starfsstöðvunum. Með það í huga að þessi egg eru upprunnin í samþykktum starfsstöðvum sem beita ströngum reglum um smitvarnir þykir rétt að heimila rýmri tímaramma fyrir klíniska skoðun á upprunahópi útungunareggjanna, í líkingu við það sem kveðið er á um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688, <sup>(9)</sup>, vegna tilflutnings á þessum afurðum milli aðildarríkja. Því ætti að breyta 107. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 19) Í 4. kafla 2. bóls III. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur vegna komu eggja sem eru laus við tiltekna sjúkdómsvalda inn í Sambandið, þ.m.t. kröfur í tengslum við upprunastarfsstöð þessara eggja. Breyta ætti framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til að kveða á um að þessar starfsstöðvar í þriðju löndum séu samþykktar í samræmi við þær reglur sem gilda um þessar starfsstöðvar í Sambandinu.
- 20) Lagardýr, eins og þau eru skilgreind í 3. lið 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, ná yfir dýr í haldi og villt dýr. Því er heimilt að leyfa innflutning á lagardýrum frá lagareldisstöðvum og frá villtum búsvæðum inn í Sambandið. Þar af leiðandi má senda þau frá „upprunastað“ eða frá „upprunastarfsstöð“. Heimila ætti þennan möguleika í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 og því ætti að breyta a- og d-lið 167. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 21) Í 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er kveðið á um undanþágur fyrir tiltekna flokka lagardýra og afurða úr þeim frá þeirri kröfu að vera upprunnin í sjúkdómalausum þriðja landi, á yfirráðasvæði, svæði eða í hólf. Í öllum tilvikum verða þó lagareldisdýr og afurðir úr þeim, sem falla undir gildissvið framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692, að vera upprunnin í starfsstöð sem er annaðhvort skráð eða samþykkt í samræmi við 1. kafla II. bóls IV. hluta reglugerðar (ESB) 2016/429. Því ætti að breyta 172. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 með þessari reglugerð til að gera það ljóst að undanþágan, sem kveðið er á um í henni, á ekki við um 170. gr. heldur sérstaklega um 1. mgr. 170. gr. þeirrar framseldu reglugerðar.
- 22) Vegna úrfellingar ætti að breyta 3. mgr. 174. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 þannig að vísað sé til iii. liðar a-liðar 1. mgr. 170. gr. fremur en til iii. liðar a-liðar 170. gr.
- 23) Í 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er kveðið á um að aðildarríki geti haft samþykktar landsráðstafanir vegna annars sjúkdóms en skráðs sjúkdóms sem um getur í d-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Því ætti að breyta 175. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 og XXIX. viðauka við hana til að skýra nánar að aðildarríkjum er ekki einungis heimilt að gera slíkar ráðstafanir vegna óskráðra sjúkdóma heldur einnig vegna sjúkdóma sem eru tilgreindir í e-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

<sup>(9)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/688 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna tilflutninga á landdýrum og útungunareggjum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 140).

- 24) Sökum þess hversu lengi er hægt að geyma sæði, eggfrumur og fósturvísar ætti að mæla fyrir um tilteknar umbreytingarráðstafanir í IV. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/692 er varða kímefni sem er safnað, þau framleidd unnin og geymd í samræmi við tilskipanir ráðsins 88/407/EBE <sup>(10)</sup>, 89/556/EBE <sup>(11)</sup>, 90/429/EBE <sup>(12)</sup> og 92/65/EBE <sup>(13)</sup>. Þessar ráðstafanir ættu að varða samþykki fyrir sæðissöfnunarstöðvum, sæðisgeymslustöðvum, hópum sem annast söfnun á fósturvísnum og hópum sem annast framleiðslu á fósturvísnum samkvæmt þessum tilskipunum og merkingar á stráum og öðrum pakkningum sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar eru settir í, geymdir og fluttir. Þessar ráðstafanir ættu einnig að varða kröfur um söfnun, framleiðslu, vinnslu og geymslu kímefna, um heilbrigði gjafadýra og um prófanir á rannsóknarstofu og aðrar prófanir sem eru gerðar á gjafadýrum og kímefnum samkvæmt þessum tilskipunum. Nauðsynlegt er að tryggja að engin röskun verði á viðskiptum með þessi kímefni vegna mikilvægis þeirra fyrir geira kynbóta á dýrum. Til að tryggja áframhaldandi komu sendinga af kímefnum inn í Sambandið, sem var safnað eða voru framleidd fyrir 21. apríl 2021, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE, ætti að mæla fyrir um tiltekin umbreytingarákvæði í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692. Breyta ætti þeirri framseldu reglugerð til samræmis við það.
- 25) Í töflu 1 í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er m.a. mælt fyrir um kröfur að því er varðar dvalartíma dýra af hestaætt fyrir komu þeirra inn í Sambandið. Einkum er mælt fyrir um tiltekna dvalartíma fyrir dýr af hestaætt, önnur en skráð dýr af hestaætt, skráð dýr af hestaætt og endurkomu skráðra hesta eftir tímabundinn útflutning. Þessir dvalartímar ættu að vera nákvæmari til að taka á þeirri áhættu sem skapast við komu dýra af hestaætt sem eru ekki ætluð til slátrunar, skráðra hesta og dýra af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar sem og við endurkomu skráðra hesta eftir tímabundinn útflutning. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 26) Í töflu 2 í III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um kröfur að því er varðar dvalartíma alifugla fyrir komu þeirra inn í Sambandið. Einkum er mælt fyrir um tiltekna dvalartíma fyrir alifugla til framleiðslu á kjöti eða eggjum til neyslu og fyrir alifugla til framleiðslu til endurnýjunar veiðifuglastofna en ekki fyrir alifugla til framleiðslu á öðrum afurðum. Því ætti einnig að mæla fyrir um tiltekinn dvalartíma fyrir flokk alifugla til framleiðslu á öðrum afurðum. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 27) Í 2. lið XV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna alifugla og útungunareggja sem eru upprunnin í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem bóluefni, sem eru notuð gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru, uppfylla ekki sértæku viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. lið þess viðauka. Þó ætti að gefa nánari útlistun á því hver þessara krafna gildir um alifugla, útungunaregg og upprunahóp þeirra. Því ætti að breyta þeim viðauka til samræmis við það.
- 28) Reglurnar sem kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 bæta við þær sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/429. Þar eð þessar reglur tengjast innbyrðis er mælt fyrir um þær sameiginlega í einni gerð. Til glöggvunar og vegna skilvirkrar beitingar þeirra þykir rétt að einnig sé mælt fyrir um reglur til að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 í einni framseldri gerð sem inniheldur heildstæðar kröfur vegna komu dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu inn í Sambandið.
- 29) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 til samræmis við það.
- 30) Framseld reglugerð (ESB) 2020/692 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021. Í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

<sup>(10)</sup> Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjttð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10).

<sup>(11)</sup> Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísnum húsdýra af nautgripakyni (Stjttð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1).

<sup>(12)</sup> Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (Stjttð. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

<sup>(13)</sup> Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísnum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjttð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Í V. hluta er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur vegna komu inn í Sambandið sem og um tilflutning og meðhöndlun eftir komu og undanþágur frá þessum kröfum er varða eftirtaldar tegundir lagardýra á öllum lífsstigum sem og afurðir þeirra, að undanskildum öðrum afurðum úr dýraríkinu en lifandi lagardýrum sem eru ætluð til beinnar neyslu og villtum lagardýrum og afurðum úr þessum villtu lagardýrum sem er landað úr fiskiskipum og ætluð til beinnar neyslu.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Í VII. hluta er mælt fyrir um umbreytingarákvæði og lokaákvæði.“

2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. „svín“: dýr af tegund hóf- og klaufdýra, sem tilheyrir ættinni Suidae sem eru talin upp í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/429 í þeim tilgangi að flytja dýr inn í Sambandið, eða dýr af tegundinni *Sus scrofa* í þeim tilgangi að flytja kímefni inn í Sambandið.“

b) Í stað 48. liðar kemur eftirfarandi:

„48. „brunnbátur“: brunnbátur eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 (\*),

---

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/990 frá 28. apríl 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur og vottunarkröfur vegna tilflutninga á lagardýrum og lagardýraafurðum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 42).“

3) Í stað i. liðar a-liðar 3. gr. kemur eftirfarandi:

„i. ef um er að ræða landdýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu, þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna tiltekinna tegunda og flokka dýra, kímefna og afurða úr dýraríkinu.“

4) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. kemur eftirfarandi:

„Ef um er að ræða alifugla, að undanskildum dagsgömlum ungum, og fugla í haldi skal skoðunin einnig ná yfir upprunahóp dýranna sem ætluð eru til sendingar til Sambandsins.“

5) Í stað 26. gr. kemur eftirfarandi:

„26. gr.“

**Tilflutningur og meðhöndlun á hóf- og klaufdýrum eftir komu þeirra inn í Sambandið**

Eftir komu hóf- og klaufdýra, að undanskildum dýrum af hestaætt, inn í Sambandið skulu þau vera áfram á viðtöku-starfsstöðinni í a.m.k. 30 daga eftir komu þeirra á þá starfsstöð nema þau séu tilflutt til slátrunar.“

6) Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 14. gr. (3. mgr.), 40 gr. og 43 til 48. gr. skal heimilt að flytja sendingar sem innihalda færri en 20 alifugla, aðra en strútfugla, inn í Sambandið að því tilskildu að slíkar sendingar uppfylli eftirfarandi kröfur:“

b) Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) að því er varðar bólusetningu gegn alvarlegri fuglainflúensu:

- i. alifuglarnir hafa ekki verið bólusettir gegn alvarlegri fuglainflúensu,
- ii. upprunahópur alifuglanna, að undanskildum dagsgömlum ungum, hefur ekki verið bólusettur gegn alvarlegri fuglainflúensu,
- iii. ef foreldrahópar dagsgömlu unganna hafa verið bólusettir gegn alvarlegri fuglainflúensu hefur þriðja upprunalandið eða -yfírráðasvæðið lagt fram ábyrgðir fyrir því að farið hafi verið að lágmarkskröfum um bólusetningaráætlanir og viðbótarefirlit sem settar eru fram í XIII. viðauka“.

c) Í stað iii. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum* ef um er að ræða *Numida meleagris*, *Coturnix coturnix*, *Phasianus colchicus*, *Perdix perdix*, *Anas spp.*“

d) Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) dagsgömlu ungarnir koma úr útungunareggjum sem voru sóttþreinsuð fyrir útungun í samræmi við leiðbeiningar lögbærs yfirvalds þriðja upprunalandsins eða -yfírráðasvæðisins.“

7) Í stað 57. gr. kemur eftirfarandi:

„57. gr.“

#### **Sértækar dýraheilbrigðiskröfum vegna fugla í haldi**

Einungis skal heimila komu sendinga af fuglum í haldi inn í Sambandið ef dýrin í sendingunni uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) þau hafa ekki verið bólusett gegn alvarlegri fuglainflúensu,
  - b) ef þau hafa verið bólusett gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru lagði lögbært yfirvald þriðja upprunalandsins eða -yfírráðasvæðisins fram ábyrgðir fyrir því að bóluefnin, sem voru notuð, uppfylli almennar og sértækar viðmiðanir fyrir bóluefni gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru sem settar eru fram í 1. lið XV. viðauka,
  - c) þau voru sett í veirugreiningarpróf fyrir alvarlegri fuglainflúensu og sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru, með neikvæðum niðurstöðum, á tímabilinu 7 til 14 dögum fyrir fermingu til sendingar til Sambandsins.“
- 8) Í 60. gr. er vi. liður b-liðar endurnúmeraður sem c-liður sem hér segir:

„c) einungis sleppa fuglum í haldi úr sóttkvíun ef opinber dýralæknir gefur skriflega heimild fyrir því.“

9) Í stað 62. gr. kemur eftirfarandi:

„62. gr.“

#### **Undanþágur frá dýraheilbrigðiskröfum vegna komu fugla í haldi inn í Sambandið**

1. Þrátt fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. til 10. gr., að undanskildum i. lið a-liðar í 3. gr., í 11. til 19. gr. og í 53. til 61. gr. skal heimilt að flytja sendingar af fuglum í haldi, sem uppfylla ekki þessar kröfur, inn í Sambandið ef þær eru upprunnar frá þriðju löndum eða yfírráðasvæðum sem eru sérstaklega skráð vegna innflutnings á fuglum í haldi inn í Sambandið á grundvelli jafngilda ábyrgða.

2. Þrátt fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 11. gr. og 54. til 58. gr. skal heimilt að flytja sendingar af keppnisdúfum, sem koma inn í Sambandið frá þriðja landi eða yfírráðasvæði eða svæði þess, þar sem þær eru að jafnaði í haldi, með það í hyggju að þeim verði tafarlaust sleppt og þess vænst að þær fljúgi aftur til viðkomandi þriðja lands eða yfírráðasvæðis eða svæðis þess og sem uppfylla ekki þessar kröfur, inn í Sambandið ef þær uppfylla eftirfarandi kröfur:

- a) viðtökuaðildarríkið hefur ákveðið að keppnisdúfurnar megi koma inn á yfírráðasvæði þess frá þessu þriðja landi eða yfírráðasvæði eða svæði þess í samræmi við 2. mgr. 230. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429,

- b) þær koma frá skráðri starfsstöð þar sem alvarleg fuglainflúensa eða sýking af völdum Newcastle-veikiveiru hefur ekki komið upp innan 10 km radíuss umhverfis starfsstöðina sem, eftir atvikum, nær til yfirráðasvæðis nágrannalands, a.m.k. undanfarna 30 daga fyrir ferlingu til sendingar til Sambandsins,
- c) þær hafa ekki verið bólusettar gegn alvarlegri fuglainflúensu,
- d) þær hafa verið bólusettar gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru og lögbært yfirvald þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins hefur lagt fram ábyrgðir fyrir því að bóluefnin, sem voru notuð, uppfylli almennar og sértekur viðmiðanir fyrir bóluefni gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru sem settar eru fram í 1. lið XV. viðauka,
- e) þær koma frá starfsstöð þar sem bólusetning gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru er framkvæmd.
3. Þrátt fyrir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 59., 60. og 61. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem sendingin kemur inn í Sambandið heimilt að leyfa komu keppnisdúfna inn í Sambandið, sem verða ekki fluttar beint til sóttkvíunarstöðvar sem er samþykkt í samræmi við 14. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, ef þær eru/þeim er:
- a) keppnisdúfur sem komu inn í Sambandið frá þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem þær eru að jafnaði í haldi í samræmi við 2. mgr.,
- b) tafarlaust sleppt, undir stjórn lögbærs yfirvalds, og þess vænst að þær fljúgi aftur til þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins eða svæðis þess.“
- 10) Í stað 1. mgr. 74. gr. kemur eftirfarandi:
- „1. Einungis skal heimila komu sendinga af hundum, köttum og frettum inn í Sambandið ef dýrin í sendingunni eru auðkennd hvert fyrir sig með stunguörmerki, eins og tilgreint er í e-lið III. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/2035, sem dýralæknir ígræddi og sem uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 576/2013.“
- 11) Í stað a-liðar 80. gr. kemur eftirfarandi:
- „a) voru, fyrir söfnunina, í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á þessum tilteknu tegundum og flokkum kímefna inn í Sambandið:
- i. ef um er að ræða nautgripi, sauðfé og geitur, í a.m.k. 6 mánuði,
- ii. ef um er að ræða svín og dýr af hestaætt, í a.m.k. 3 mánuði“.
- 12) Í stað iii. liðar a-liðar 83. gr. kemur eftirfarandi:
- „iii. einkvæmt samþykkisnúmer kímefnamiðstöðvarinnar sem safnaði eða framleiddi, vann og geymdi þessi kímefni“.
- 13) Eftirfarandi 85. gr. a er bætt við á eftir 85. gr.:

„85. gr. a

#### **Skoðun á sendingum af kímefnum fyrir sendingu til Sambandsins**

Einungis skal heimila komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísnum úr nautgripum, svínum, sauðfé, geitum og dýrum af hestaætt inn í Sambandið ef þessar sendingar fóru í sjónræna skoðun og sannprófun skjala, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi innan 72 klst. fyrir sendingu til Sambandsins, sem hér segir:

- a) sjónræn skoðun á flutningagámnum til að sannreyna að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 84. gr., séu uppfylltar,
- b) sannprófun skjala á þeim gögnum sem dýralæknir stöðvarinnar eða dýralæknir hópsins leggur fram til að tryggja að:
- i. upplýsingarnar, sem á að votta, séu studdar af skráum sem eru haldnar í samræmi við:
- ákvæði a-liðar 1. mgr. 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/686 og
- ákvæði d-liðar 8. gr. þessarar reglugerðar,

- ii. merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við a-lið 83. gr., samsvari númerinu sem er gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu og á ílátinu sem þau eru flutt í,
- iii. dýraheilbrigðiskröfurnar, sem um getur í 1. bálki III. hluta, hafi verið uppfylltar.“

14) Í stað 2. mgr. 87. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir iii. lið b-liðar 86. gr. skal heimilt að flytja sendingar af eggfrumum og fósturvísu úr nautgripum inn í Sambandið ef gjafadýrið kemur frá starfsstöð sem er ekki laus við smitandi hvítblæði í nautgripum að því tilskildu að opinberi dýralæknirinn, sem ber ábyrgð á upprunastarfsstöðinni, hafi vottað að engin klínísk tilvik smitandi hvítblæðis í nautgripum hafi komið upp á þessari starfsstöð a.m.k. undanfarin 3 ár.“

15) Í stað 91. gr. kemur eftirfarandi:

„91. gr.

#### **Upprunastarfsstöð sauðfjár og geita sem eru gjafadýr**

Einungis skal heimila komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísu úr sauðfé og geitum inn í Sambandið ef þeim var safnað úr gjafadýrum sem komu frá starfsstöð sem var laus við sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* og þar á undan höfðu þau aldrei verið í haldi í starfsstöð með lakara heilbrigðisástand.“

16) Í stað ii. liðar b-liðar 100. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. voru útungunaregginn færð beint og eins fljótt og unnt var yfir í skip eða loftfar, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-lið 102. gr., til áframhaldandi ferðar til Sambandsins án þess að þau færu út fyrir athafnasvæði hafnarinnar eða flugvallarins“.

17) Í stað inngangsorðanna í a-lið 102. gr. kemur eftirfarandi:

„a) útungunaregginn verða að hafa verið flutt í ökutækjum sem:“

18) Í stað f-liðar 107. gr. kemur eftirfarandi:

„f) þeir voru:

- i. settir í klíniska skoðun, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi innan 72 klst. fyrir fermingu sendingarinnar af útungunareggjunum til sendingar til Sambandsins, í þeim tilgangi að greina merki sem benda til sjúkdómstilvika, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar sem um getur í I. viðauka og nýtilkomnir sjúkdómar, og þau sýndu engin sjúkdómseinkenni eða ástæður til að gruna að einhver þessara sjúkdóma væri til staðar,

eða

- ii. fengu

— mánaðarlega klíniska skoðun, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi og sú nýjasta fór fram innan 31 dags fyrir fermingu sendingarinnar af útungunareggjunum til sendingar til Sambandsins, í þeim tilgangi að greina merki sem benda til sjúkdómstilvika, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar sem um getur í I. viðauka og nýtilkomnir sjúkdómar, og þau sýndu engin sjúkdómseinkenni eða ástæður til að gruna að einhver þessara sjúkdóma væri til staðar,

— mat á núverandi heilbrigðisástandi, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi innan 72 klst. fyrir fermingu sendingarinnar af útungunareggjunum til sendingar til Sambandsins, sem er metið eftir uppfærðum upplýsingum sem rekstraraðilinn lætur í té og með sannprófun skjala að því er varðar skrár um heilbrigði og framleiðslu sem eru geymdar á starfsstöðinni, í þeim tilgangi að greina merki sem benda til sjúkdómstilvika, þ.m.t. nýtilkomnir sjúkdómar og viðkomandi skráðir sjúkdómar sem um getur í I. viðauka.“

19) Ákvæðum 110. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 101. gr., 106. gr., 107. gr. og 108. gr. skal heimilt að flytja sendingar af færri en 20 útungunareggjum alifugla, annarra en strútfugla, inn í Sambandið ef þau uppfylla eftirfarandi kröfur.“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) þau koma úr hópum sem voru settir í klíniska skoðun, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi innan sólarhrings fyrir fermingu sendinganna af útungunareggjunum til sendingar til Sambandsins, í þeim tilgangi að greina merki sem benda til sjúkdómstilvika, þ.m.t. viðkomandi skráðir sjúkdómar sem um getur í I. viðauka og nýtilkomnir sjúkdómar, og hóparnir sýndu engin sjúkdómseinkenni eða ástæður til að gruna að einhver þessara sjúkdóma væri til staðar.“

c) Í stað þriðju undirgreinar í ii. lið e-liðar kemur eftirfarandi:

„— *Salmonella Pullorum* og *Salmonella Gallinarum* ef um er að ræða *Numida meleagris*, *Coturnix coturnix*, *Phasianus colchicus*, *Perdix perdix*, *Anas spp.*“

d) Eftirfarandi f-lið er bætt við:

„f) útungunaregginn verður að hafa verið sótthreinsuð í samræmi við leiðbeiningar lögbærs yfirvalds þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins.“

20) Í stað iii. liðar a-liðar 111. gr. kemur eftirfarandi:

„iii. var haldið samfelt í a.m.k. 6 vikur fyrir söfnun eggjana til sendingar til Sambandsins í starfsstöðvum sem:

— uppfylla skilyrðin sem lýst er í Evrópsku lyfjaskránni,

— lögbært yfirvald þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins hefur samþykkt, í samræmi við kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 8. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/2035, og samþykkið fyrir þeim hefur hvorki verið fellt tímabundið úr gildi né afturkallað.“

21) Eftirfarandi 119. gr. a er bætt við á eftir 119. gr.:

„119. gr. a

#### **Skoðun á sendingum af kímefnum fyrir sendingu til Sambandsins**

Einungis skal heimila komu sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísnum, sem um getur í 117. gr., inn í Sambandið ef þessar sendingar fóru í sjónræna skoðun og sannpröfun skjala, sem opinber dýralæknir í þriðja upprunalandinu eða á upprunayfirráðasvæðinu eða svæði þess innti af hendi innan 72 klst. fyrir sendingu til Sambandsins, sem hér segir:

a) sjónræn skoðun á flutningagámnum til að sannreyna að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 119. gr., séu uppfylltar,

b) sannpröfun skjala á þeim gögnum sem dýralæknir starfsstöðvarinnar, sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem fer fram í lokuðu starfsstöðinni, leggur fram til að tryggja að:

i. upplýsingarnar, sem á að votta, séu studdar af skráum sem eru geymdar á lokuðu starfsstöðinni,

ii. merking á stráum eða öðrum pakkningum, sem er sett á í samræmi við a-lið 119. gr., samsvari númerinu sem er gefið upp í dýraheilbrigðisvottorðinu og á ílátinu sem þau eru flutt í,

iii. dýraheilbrigðiskröfurnar, sem um getur í 3. bálki III. hluta, hafi verið uppfylltar.“

22) Í stað i-liðar c-liðar 125. gr. kemur eftirfarandi:

„i. þau voru hreinsuð og sótthreinsuð með sótthreinsiefni, sem lögbært yfirvald þriðja upprunalandsins eða -yfirráðasvæðisins heimilaði, áður en skrokkarnir voru settir í þau til sendingar til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr.“

23) Eftirfarandi 3. mgr. er bætt við í 154. gr.:

„3. Ekki skal gerð krafa um að dýr, sem hrámjólk, broddur eða afurð, að stofni til úr broddi, sem eru ætluð til innflutnings inn í Sambandið eru úr, uppfylli kröfur um dvalartíma sem um getur í 2. mgr. að því tilskildu að þau hafi verið flutt inn í þriðja landið eða á yfirráðasvæðið eða svæði þess frá:

a) öðru þriðja landi eða yfirráðasvæði eða svæði þess sem er skráð vegna innflutnings á hrámjólk, broddi eða afurð, að stofni til úr broddi, inn í Sambandið og dýrin voru þar í a.m.k. 3 mánuði áður en þau voru mjólkuð, eða

b) aðildarríki.“

24) Ákvæðum 167. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

„a) þau voru send beint frá upprunastaðnum til Sambandsins,

b) þau voru ekki tekin úr gámnum þegar þau voru flutt loftleiðis, sjóleiðis, með lest eða á vegum og ekki var skipt um vatnið, sem þau voru flutt í, í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði eða hólfi sem er ekki skráð vegna innflutnings á þessum tilteknu tegundum og flokkum lagardýra inn í Sambandið.“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) frá ferminu á upprunastaðnum til komu inn í Sambandið mega þau ekki hafa verið flutt í sama vatni eða gámi eða brunnbát og lagardýr í lakara heilbrigðisástandi eða sem voru ekki ætluð til innflutnings inn í Sambandið.“

25) Í stað b-liðar 3. mgr. 169. gr. kemur eftirfarandi:

„b) læsilegi merkimiðinn, sem um getur í a-lið, verður einnig að innihalda eftirfarandi yfirlýsingar, eftir því sem við á:

i. „fiskur sem eru ætlaður til mannelis eftir frekari vinnslu í Evrópusambandinu“,

ii. „lindýr sem eru ætluð til mannelis eftir frekari vinnslu í Evrópusambandinu“,

iii. „krabbadýr sem eru ætluð til mannelis eftir frekari vinnslu í Evrópusambandinu“.“

26) Í stað inngangsorðanna í 172. gr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 1. mgr. 170. gr. skulu kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þeirri grein, ekki gilda um eftirfarandi flokka lagardýra:“

27) Í stað b-liðar 173. gr. kemur eftirfarandi:

„b) fisk, sem er ætlaður til mannelis eftir frekari vinnslu í Sambandinu, sem er slátrað og slægður fyrir sendingu til Sambandsins.“

28) Í stað 3. mgr. 174. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Lögþæru yfirvaldi aðildarríkis er einungis heimilt að veita leyfið, sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar, ef slepping eða ísetning í náttúruleg vötn stofnar heilbrigðisástandi lagardýranna þar sem sleppingin eða ísetningin fer fram ekki í hættu og í öllum tilvikum skal slepping út í náttúruna vera í samræmi við kröfuna sem mælt er fyrir um í iii. lið a-liðar 1. mgr. 170. gr.“

29) Ákvæðum 175. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„175. gr.“

**Viðbótarkröfur um dýraheilbrigði til að takmarka áhrif sjúkdóma sem aðildarríkin eru með samþykktar landsráðstafanir gegn í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429“**

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld aðildarríkja sem eru með samþykktar landsráðstafanir, í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, gegn öðrum sjúkdómum en skráðum sjúkdómum sem um getur í d-lið 1. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessir sjúkdómar berist þangað með því að setja viðbótarkröfur um dýraheilbrigði vegna komu sendinga af lagardýrum og lagardýraafurðum, annarra en lifandi lagardýra, af tegundum sem eru tilgreindar í öðrum dálki töflunnar í XXIX. viðauka við þessa reglugerð, inn í þessi aðildarríki.“

30) Ákvæðum VII. hluta er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnar VII. hluta kemur eftirfarandi:

„VII. HLUTI

**UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI“**

b) Eftirfarandi 182. gr. a er bætt við á eftir fyrirsögn VII. hluta og á undan 183. gr:

„182. gr. a

**Umbreytingarráðstafanir**

1. Litið skal svo á að sæðissöfnunarstöðvar, sæðisgeymslustöðvar, hópar sem annast söfnun á fósturvísu og hópar sem annast framleiðslu á fósturvísu, sem hafa verið samþykkt fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipanir ráðsins 88/407/EBE (\*), 89/556/EBE (\*\*), 90/429/EBE (\*\*\*) og 92/65/EBE (\*\*\*\*) sem um getur í 6., 7., 8., og 12. undirlið 2. mgr. 270. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, séu samþykktar kímefnamiðstöðvar eins og um getur í 1. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar.

Að öllu öðru leyti skulu þau falla undir reglurnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 82. gr. þessarar reglugerðar og í 233. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

2. Koma sendinga af sæði, eggfrumum og fósturvísu, sem er safnað, þau framleidd, unnin og geymd fyrir 21. apríl 2021, inn í Sambandið skal leyfð að því tilskildu að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE, eftir því sem við á um tegund gjafadýra, að því er varðar söfnun, framleiðslu, vinnslu og geymslu á kímefnum, dýraheilbrigðiskröfur um gjafadýr og prófanir á rannsóknarstofu og aðrar prófanir sem eru gerðar á gjafadýrum og kímefnum.

3. Litið skal svo á að strá og aðrar pakkningar sem sæði, eggfrumur eða fósturvísar, einnig aðskilið í stökum skömmtum, eru sett í, geymd og flutt, sem eru merkt fyrir 21. apríl 2021 í samræmi við tilskipanir 88/407/EBE, 89/556/EBE, 90/429/EBE og 92/65/EBE, eftir því sem við á um tegund gjafadýra, hafi verið merkt í samræmi við a-lið 83. gr. þessarar reglugerðar.

(\*) Tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni (Stjttíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10).

(\*\*) Tilskipun ráðsins 89/556/EBE frá 25. september 1989 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á fósturvísu húsdýra af nautgripakyni (Stjttíð. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1).

(\*\*\*) Tilskipun ráðsins 90/429/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af svínakyni (Stjttíð. EB L 224 18.8.1990, bls. 62).

(\*\*\*\*) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísu sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um (Stjttíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54).“

c) Eftirfarandi fyrirsögn er bætt við í 184. gr.:

„Gildistaka og framkvæmd“

31) Ákvæðum III., VIII., XV., XXVIII. og XXIX. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum III., VIII., XV., XXVIII. og XXIX. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/692 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslanna í þriðju, fjórðu og fimmtu línu í töflu 1, fyrir dýr af hestaætt, önnur en skráð dýr af hestaætt, skráð dýr af hestaætt og skráða hesta sem koma aftur eftir tímabundinn útflutning vegna kappreiða, keppna eða menningarviðburða sem tengjast reiðmennsku, kemur eftirfarandi:

Tegund og flokkur dýra	Lágmarksdvalartími í þriðja upprunalandi eða á upprunayferráðasvæði eða svæði þess eins og um getur í i. lið b-liðar 11. gr.	Lágmarksdvalartími í upprunastofu eins og um getur í ii. lið b-liðar 11. gr.	Lágmarkstími án snertingar við dýr í lakara heilbrigðisástandi eins og um getur í iii. lið b-liðar 11. gr.
„Dýr af hestaætt sem ekki eru ætluð til slátrunar	40 dagar eða frá fæðingu ef dýrin eru yngri en 40 daga gömul eða frá komu frá Sambandinu	30 dagar (40 dagar frá áhættusvæðum fyrir afríkuhrossapest) eða frá fæðingu ef dýrin eru yngri en 30 daga (40 daga) gömul eða frá komu frá Sambandinu	15 dagar
Skráðir hestar	40 dagar eða frá fæðingu ef dýrin eru yngri en 40 daga gömul eða frá komu frá Sambandinu eða tilteknum skráðum þriðju löndum	30 dagar (40 dagar frá áhættusvæðum fyrir afríkuhrossapest) eða frá fæðingu ef dýrin eru yngri en 30 daga (40 daga) gömul eða frá komu frá Sambandinu eða tilteknum skráðum þriðju löndum	15 dagar
Skráðir hestar sem koma aftur eftir tímabundinn útflutning vegna kappreiða, keppna eða menningarviðburða sem tengjast reiðmennsku	allt að 30 dagar eða allt að 90 dagar ef um er að ræða sérstakar keppnir, kappreiðar eða menningarviðburði sem tengjast reiðmennsku	Ekki tilgreint	Á öllu tímabili tímabundins útflutnings
Dýr af hestaætt sem eru ætluð til slátrunar	90 dagar	30 dagar (40 dagar frá áhættusvæðum fyrir afríkuhrossapest)	30 dagar (40 dagar frá áhættusvæðum fyrir afríkuhrossapest)“

b) Töflu 2 er breytt sem hér segir:

- i. Í stað færslunnar í annarri línu, fyrir alifugla til framleiðslu á kjöti og eggjum til neyslu, kemur eftirfarandi:

Flokkur fugla	Dvalartíminn gildir um	Lágmarksdvalartími í þriðja upprunalandi eða á upprunayferráðasvæði eða svæði þess eins og um getur í i. lið b-liðar 11. gr.	Lágmarksdvalartími í upprunastofu eins og um getur í ii. lið b-liðar 11. gr.	Lágmarkstími án snertingar við dýr í lakara heilbrigðisástandi eins og um getur í iii. lið b-liðar 11. gr.
„Alifuglar til framleiðslu á kjöti, eggjum til neyslu og öðrum afurðum	DS	3 mánuðir eða frá útungun ef dýrin eru yngri en 3 mánaða	6 vikur eða frá útungun ef dýrin eru yngri en 6 vikna	6 vikur eða frá útungun ef dýrin eru yngri en 6 vikna“

ii. Í stað færslunnar í fimmtu línu, fyrir dagsgamla unga, kemur eftirfarandi:

<i>Flokkur fugla</i>	<i>Dvalartíminn gildir um</i>	<i>Lágmarksdvalartími í þriðja upprunalandi eða á upprunayfirráðasvæði eða svæði þess eins og um getur í i. lið b-liðar 11. gr.</i>	<i>Lágmarksdvalartími í upprunastarfsstöð eins og um getur í ii. lið b-liðar 11. gr.</i>	<i>Lágmarkstími án snertingar við dýr í lakara heilbrigðisástandi eins og um getur í iii. lið b-liðar 11. gr.</i>
„Dagsgamlir ungar	DS	Frá útungun	Frá útungun	Frá útungun
	UH	3 mánuðir fyrir söfnun eggjanna sem dagsgömlu ungunum var ungað út úr	6 vikur fyrir söfnun eggjanna sem dagsgömlu ungunum var ungað út úr	-“

2) Í stað neðanmálgreinar (\*\*\*) í 1. lið VIII. viðauka kemur eftirfarandi:

„(\*\*) Á ekki við ef dýrin eru upprunnin í þriðja landi, á yfirráðasvæði eða svæði þess, sem er viðurkennt sem laust við eða árstíðabundið laust við sjúkdóminn, sem er í skránni yfir þriðju lönd eða yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja sendingar af hóf- og klaufdýrum inn í Sambandið.“

3) Í stað 2. liðar XV. viðauka kemur eftirfarandi:

**„2. DÝRAHEILBRIGÐISKRÖFUR VEGNA ALIFUGLA OG ÚTUNGUNAREGGJA SEM ERU UPPRUNNIN Í ÞRIÐJA LANDI EÐA Á YFIRRÁÐASVÆÐI EÐA SVÆÐI ÞESS ÞAR SEM BÓLUEFNI, SEM ERU NOTUÐ GEGN SÝKINGU AF VÖLDUM NEWCASTLE-VEIKIVEIRU, UPPFYLLA EKKI SÉRTÆKU VIÐMIÐANIRNAR SEM SETTAR ERU FRAM Í 1. LIÐ**

Alifuglar og útungunaregg, sem eru upprunnin í þriðja landi eða á yfirráðasvæði eða svæði þess þar sem bóluefni, sem eru notuð gegn sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru, uppfylla ekki sértæku viðmiðanirnar sem settar eru fram í lið 1.2, verða að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram hér á eftir:

- alifuglar, upprunahópur dagsgamla unga og upprunahópur útungunareggja mega ekki hafa verið bólusettir með slíkum bóluefnum í a.m.k. 12 mánuði fyrir þann dag sem sendingin er fermd til sendingar til Sambandsins,
- upprunahópur alifugla og útungunareggja verður að hafa verið settur í veirueinangrunarprófun fyrir sýkingu af völdum Newcastle-veikiveiru í fyrsta lagi 2 vikum fyrir fermingardag sendingarinnar til sendingar til Sambandsins eða, ef um er að ræða útungunaregg, í fyrsta lagi 2 vikum áður en eggjunum var safnað. Prófunin verður að hafa verið framkvæmd á opinberri rannsóknarstofu á slembiúrtaki af stroksýnum, sem voru tekin úr þarfagangi a.m.k. 60 fugla í hverju hópi, og þar sem ekki fundust paramyxóveirusýkingar með smithæfnistuðli í heila hærri en 0,4,
- alifuglum, að undanskildum dagsgömlum ungum, upprunahópi dagsgömlu unganna og upprunahópi útungunareggjanna, verður að hafa verið haldið í einangrun undir opinberri vöktun á upprunastarfsstöðinni í þær tvær vikur sem um getur í b-lið,
- alifuglar, að undanskildum dagsgömlum ungum, upprunahópi dagsgömlu unganna og upprunahópi útungunareggjanna, mega ekki hafa komist í snertingu við alifugla sem uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í a- og b-lið:
  - ef um er að ræða alifugla, á næstliðnum 60 dögum fyrir þann dag sem sendingin er fermd til sendingar til Sambandsins,
  - ef um er að ræða útungunaregg, á næstliðnum 60 dögum fyrir söfnun eggjanna,
- útungunaregginn sem dagsgömlu ungarnir komu úr mega ekki hafa komist í snertingu við alifugla eða útungunaregg, sem ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a- til d-lið, á útungunarstöðinni eða í flutningi til útungunarstöðvarinnar.“

- 4) Í stað færslunnar í þriðju línu í töflunni í 1. lið XXVIII. viðauka, fyrir þurrkaða eggjahvítu, kemur eftirfarandi:

Eggjaafurð	Meðhöndlun	
	Kjarnahiti (í gráðum á selsíus (°C))	Lengd meðhöndlunar (í sekúndum (sek.) eða klukkustundum (klst.))
„Þurrkuð eggjahvíta	67 °C	20 klst.
	54,4 °C	50,4 klst.“

- 5) Töflunni í XXIX. viðauka er breytt með því að fella textann hér á eftir inn í hana beint fyrir ofan línuna sem vísar til sjúkdómsins vorveiru í vatnakarpa (SVC) og smitnæmra tegunda hans:

„Skjónakarpaherpesveiki	Eins og sett er fram í 3. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882“
-------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------